

þeim hrepp, þar sem hann sjálfur og barnið átti heima, og lofað henni að eiga við Jökuldals- og Hlíðarhrepp. En þessi aðferð hefði í máli því, er hjer liggur fyrir, enga verulega þýðingu getað haft, og Jökuldals- og Hlíðarhreppur hefir auðsjáanlega engan skaða haft af því, að Guðmundur snjeri sjer að honum beinlínis, í stað þess fyrst að snúa sjer að dvalarhreppi barnsins, og hefir ekki komið til tals að greiða honum meðlag fyrir lengri tíma, en frá dagsetingu brjefs hans til hreppsnefndarinnar. Með því nú að nefndin eptir að hafa meðtekið þetta brjef, ekki gjörði neina ráðstöfun til, að barnið yrði flutt til sín, virðist hún þegjandi að hafa samþykkt boð Guðmundar um að fóstta barnið fyrir hreppsnefndina, og getur hún því heldur ekki komið hjá að greiða meðlagið með því.

Hinn áfrýjaði amtsúrskurður skal því óraskaður standa, þó þannig, að Jökuldals- og Hlíðarhreppi sje frjálst, að beiðast úrskurðar Hálshrepps í Þingeyjarsýslu eða æðra sveitarvalds um upphæð meðlagsins.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um nýtt kúgildi á Þjóðjörð. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi frá 7. f. m. samþykkist hjer með, að kúgildi það, sem vantar á umboðsjörð Munkapverárklausturs, Ormalón í Svalbarðshrepp, sje útvegað upp á kostnað umboðs- sjóðsins fyrir það verð, sem almennt verður á ám í bygðarlaginu þar á næstkomandi vori, og að kúgildaleiga sú, sem tiltekin er í byggingarbrjefinu frá 30. apríl í ár, ekki verði heimtuð af jörðinni yfirstandandi fardagaár.

— Brjef landshöfðingja til forstjóra hins konunglega íslenska yfirdóms safn 1879. — Par eð jeg sje mjer fært að verja allt að 100 kr. af fje því, sem veitt er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja fyrir árið 1881, til að gefa út dómasafn fyrir árið 1879, vil jeg hjer með skora á yður, herra jústitiarius, að ráðstafa því, sem nauðsynlegt er í þessu efni, og læt jeg fylgja brjef dags. 1. þ. m. frá Einari prentara Þórðarsyni, þar sem hann býðst til að prenta tjeð safn fyrir 11 kr. hverja örk prentaða.

— Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um styrk handa barnaskóla á Akra- nesí. — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi frá 5. þ. m. hefi jeg af fje því, sem með 12. gr. C 7 fjárlaganna er lagt til barnaskóla og alþýðuskóla, veitt barnaskólanum á Skipaskaga á Akranesi 300 kr. styrk fyrir yfirstandandi ár.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um þingsályktun út af boðsskrá til að dæma Elliðaáamál. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 5. sept. þ. á., hefið þjer, herra landshöfðingi, sent ráðgjafanum þingsályktun, samþykkt af neðri deild alþingis, og er í henni skorað á ráðgjafann, að fresta umboði því, er Jóni ritara Jóns- syni var veitt hinn 1. júlí þ. á. til þess ítarlegar að rannsaka og dæma ofbeldisverk þau, er framin hafa verið gegn laxakistum H. Th. A. Thomsens kaupmanns í Elliðaán- um, þar til fullnaðardómur er genginn um veiðirjett þjóðjarðarinnar Hólms og kirkju-